

Að mála viðarpanel



Aðferð

Ómeðhöndlaður panel

1. Nýr viður og ómeðhöndlaður viður skal vera hreinn og þurr. Sýnilega viðarkvoðu á kvistum skal skrapa af og þvo með rauðspritti áður en málað er. (Aldrei má mála beint yfir blæðandi kvisti)
2. Grunnið allan viðinn með Original Spärrvitt Isoleraðe. Verði vart við blæðingu á herslutíma grunnsins eftir þessa einu umferð skal grunna aðra umferð eða bletta yfir blæðinguna/mislitunina með sama efni. Ef notuð er málningarsprauta skal tryggja að hún sé alveg hrein fyrir notkun og sprauta síðan efninu á flötinn án hléa.
3. Málið loks 2 umferðir af veggmálningu, t.d. Sikkens Pure Mat, Sikkens Rezisto Mat eða Nordsjö Easy2Clean.

Málaður eða lakkaður panel

1. Eldri málaðan við skal þvo með Original Málartvätt. Sýnilega viðarkvoðu á kvistum skal skrapa af og þvo með rauðspritti áður en málað er.
2. Gljáandi fleti skal slípa matta með sandpappír nr. 220-280 til að tryggja góða viðloðun og þurrka allt ryk með límklútum.
3. Grunnið bera fleti og kvisti með Original Spärrvitt Isoleraðe. Verði vart við blæðingu á herslutíma grunnsins eftir þessa einu umferð skal grunna aðra umferð eða bletta yfir blæðinguna/mislitunina með sama efni. Ef notuð er málningarsprauta skal tryggja að hún sé alveg hrein fyrir notkun og sprauta síðan efninu á flötinn án hléa.
4. Málið loks 1-2 umferðir af veggmálningu, t.d. Sikkens Pure Mat, Sikkens Rezisto Mat eða Nordsjö Easy2Clean.



ATH. Hafa skal í huga að viður er náttúrulegt efni sem er breytilegt og aðferð við þurrkun og geymslu getur haft mikla þýðingu fyrir málun. Kvistablæðing getur í vissum tilfellum komið fram eftir einhvern tíma þrátt fyrir fyrirbyggjandi meðferð.

***Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniblöðum.**

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Grunnur

Original Spärrvitt Isoleraðe

Málning

Sikkens Pure Mat 2%

Sikkens Rezisto Mat 4%

Nordsjö Easy2Clean 10%

Yfirmálunartími við 23°C/50% raka:

Grunnur

Original Spärrvitt Isoleraðe 16 klst

Málning

Sikkens Pure Mat 6 klst

Sikkens Rezisto Mat 6 klst

Nordsjö Easy2Clean 6 klst

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja:

Original Spärrvitt Isoleraðe 6-8 m²/l

Sikkens Pure Mat 10-12 m²/l

Sikkens Rezisto Mat 10-12 m²/l

Nordsjö Easy2Clean 6-8 m²/l

Hreinsun: Sápuvatn